

Nd. 422. Frumvarp til laga

um búreikningaskrifstofu ríkisins.

Flm.: Jón Sigurðsson, Bjarni Ásgeirsson, Hannes Jónsson, Pétur Ottesen.

1. gr.

Stofna skal og starfrækja búreikningaskrifstofu við bændaskólann á Hvanneyri, undir yfirstjórn Búnaðarfélags Íslands. Forstöðumaður skrifstofunnar skal vera einn af föstum kennurum skólans.

2. gr.

Laun forstöðumanns eru 2000 kr. á ári, er greiðist úr ríkissjóði, en um aðstoð og annan kostnað fer eftir því, er fjárlög ákveða.

3. gr.

Hlutverk búreikningaskrifstofunnar er:

1. Að stuðla að því, að sem flestir bændur haldi glögga búreikninga og leiðbeina um færslu þeirra, eftir því sem við verður komið.
2. Að safna búreikningum víðsvegar af landinu, bæði frá einstökum bændum og búreikningafélögum, með það fyrir augum að fá sem réttasta mynd af búrekstri bænda yfirleitt og jafnframt af einstökum greinum landbúnaðarins.
3. Að gera upp búreikninga, er skrifstofunni berast, hlutaðeigendum að kostn-

aðarlausu, og vinna úr þeim hagfræðilegar upplýsingar um öll svið landbúnaðarins, eftir því sem efni standa til. Birta skal skrifstofan yfirlitsskýrslu um niðurstöður sínar fyrir hvert ár svo fljótt sem við verður komið.

4. Að gefa út aðgengileg eyðublöð fyrir búreikninga með glöggum skýringum.
5. Að gangast fyrir búreikninganámskeiðum til að leiðbeina bændum og starfsmönnum búreikningafélaga með færslu búreikninga.
6. Að vera ríkisstjórninni til aðstoðar með hagfræðilega útreikninga og skýringar á sviði landbúnaðarins, ef hún óskar þess.

4. gr.

Bændaskólum og öðrum ríkisstofnunum, er reka landbúnað, er skylt að færa búreikninga yfir búreksturinn eftir þeim fyrirmyndum, er búreikningaskrifstofan segir fyrir um. Búreikninga þessa eða afrit af þeim skal senda búreikningaskrifstofunni eftir lok hvers reikningsárs. Sama gildir um stofnanir eða fyrirtæki, er reka landbúnað með beinum styrk af opinberu fé.

5. gr.

Heimilt er búreikningaskrifstofunni að endursenda til leiðréttingar þá búreikninga, sem skylt er að senda skrifstofunni og henni þykir ófullnægjandi, og heimta frekari upplýsingar, með þeim viðurlögum, er lög greina um vanrækslu í því að inna af hendi lögmæt skýrsluskil.

6. gr.

Forstöðumanni búreikningaskrifstofunnar og öðrum starfsmönnum hennar er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um embættis- og sýslunarmenn, að skýra óviðkomandi mönnum frá því, er þeir komast að sökum starfa síns um efnahag eða tekjur einstakra manna eða stofnana.

Greinargerð.

Tilgangur þessa frv. er að stuðla að því, að sem flestir bændur haldi búreikninga og að úr þeim verði unninn fróðleikur, er geti að gagni komið þeim, er landbúnað stunda eða fjalla um hans mál. Það er nú almennt viðurkennt, að búreikningar hafa mjög mikla þýðingu fyrir bændur og landbúnaðinn í heild. Þeir eru mikilsverð leiðbeining fyrir bændur í starfi þeirra, þeir gera þeim aðvart, þegar einhver búgrein hættir að bera sig fjárhagslega, og leiðbeina, á hvern hátt er hægt að reka búskapinn á hagfræðilega réttan hátt. Búreikningar eru ennfremur ómissandi vegna kennslu við bændaskólana sem undirstaða undir innlendri búnaðarhagfræði. Á sama hátt eru þeir nauðsynlegir vegna margvíslegra ráðstafana þess opinbera á ýmsum sviðum landbúnaðarins. Búreikningar eru á þeim sviðum álika nauðsynleg undirstaða eins og t. d. innflutnings- og útflutningsskýrslurnar vegna gjaldeyrisráðstafananna, til þess að geta gert sér grein fyrir viðskiptum þjóðarinnar við útlönd.

Allir viðurkenna, að hagstofan sé nauðsynleg stofnun. Búreikningaskrifstofan er að ýmsu leyti hliðstæð hagstofunni, þótt verkefni hennar sé annað

og takmarkaðra, enda hafa nálega allar menningarþjóðir komið á hjá sér slíkum skrifstofum.

Búnaðarfélag Íslands hefir 2 síðastliðin ár styrkt Guðm. Jónsson kennara á Hvanneyri til þess að safna búreikningum og vinna úr þeim. Er yfirlitsskýrsla sú, er hann hefir gefið út um rannsóknir sínar, mjög athyglisverð, það sem hún nær.

Með frv. þessu er ætlazt til, að þessum málum verði komið í fastar og ákveðnar skorður.

Til þess að tryggja, að búreikningaskrifstofan fái næga búreikninga og verði ávallt í nánú sambandi við bændur víðsvegar á landinu, er lagt til, að skrifstofan verði á Hvanneyri og að einn af kennurum skólans verði forstöðumaður hennar.

Að því er snertir fjárhagshlið málsins verður slíkri skrifstofu tæplega komið fyrir á ódýrari hátt fyrir rikissjóð en lagt er til í þessu frv.